

Valgreinar haust 2025

8. - 10. bekkur



Varmahlíðarskóli
haust 2025

Námsval á haustönn 2025

Nemendur í 8. – 10. bekk.

Ágætu nemendur, foreldrar og forsjáraðilar.

Í þessu hefti er að finna upplýsingar um þau valnámskeið sem í boði verða haustið 2025.

Hér er að finna lýsingu á valgreinum. Nemendum hefur verið send könnun þar sem þeir velja fyrir haustönn.

Valið fer þannig fram:

- Nemendur fá sendan tölvupóst á sitt skólanetfang. Þar opna þeir valblað og velja fyrir hvern vikudag.
- Nemendur velja í fyrsta vali það sem efst er á óskalistanum og svo koll af kolli.
- Hver nemandi þarf að velja eina verkgrein og eina listgrein á skólaárinu.

Mánudagur kl. 13:30-14:50 8. - 10. bekkur	Miðvikudagur kl. kl. 13:30-14:50 8. - 10. bekkur	Fimmtudagur kl. 13:30-14:50 8. - 10. bekkur
Almenn matreiðsla KG Hámark 12	Almenn matreiðsla KG Hámark 12	Almenn matreiðsla TRB Hámark 12
		Árshátíð IOL Einungis fyrir 10. b.
Skólahreysti SHE	Hönnun og smíði ÞHJ Hámark 12	Málmsmíði TA Hámark 5
	Málmsmíði TA Hámark 5	Textíll ÞH Hámark 12

LÝSING Á NÁMSKEIÐUM

Almenn matreiðsla

Kennari: Kristvina Gísladóttir

Markmið: Nemendur þjálfist í almennri matreiðslu og bakstri. Geti tileinkað sér sjálfstæð vinnubrögð, samvinnu, farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi og matreiðslu. Kynnast ýmsum tegundum hráefnis og nýti það sem best.

Viðfangsefni: Súpugerð og eftirrættir. Fiskréttir, kjúklingaréttir, pastaréttir, smáréttir og bakstur. Ekki reiknað með bóklegum tímum en fléttað verður inn í verklega hlutann, næringarfræði, matvælafræði, hreinlæti og fróðleik um heilbrigðan lífsstíl.

Námsmat: Símat og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi, samskiptum og frágangi.

Lopapeysuprjón

Kennari: Þyrey Hlífarsdóttir

Lopapeysuprjón

Farið verður yfir það hvernig lesið er úr prjónauppskriftum, farið yfir skammstafanir og tákn í prjónamynstrum. Fræðst um mismunandi gerðir af lopa, mismunandi tegundir prjóna og sýndar mismunandi aðferðir við að prjóna í hring. Farið verður yfir það hvernig hefðbundin lopapeysa er prjónuð og mismunandi lopapeysuuppskriftir skoðaðar.

Nemendur velja lopapeysuuppskrift, liti og lopa og prjóna sína eigin lopapeysu.

*** Aukaval með lopapeysuprjóni**

Útsaumur

Frjáls útsaumur með mismunandi útsaumssporum eða krosssaumur þar sem mynstrið er talið út eftir útsaumsteikningu.

Hekl

Farið yfir helstu hekl aðferðir. Einfaldar hekluppskriftir skoðaðar og farið yfir það hvernig lesið er úr hekluppskriftum og mynstrum. Byrjað á að hekla borðtusku/þvottapoka eftir uppskrift.

Málmsmíði

Kennari: Torfi Arnarson

Helstu markmið og viðfangsefni:

Nemendur fá að kynna grunnatriðum í málmsmíði. Fá æfingu í því að beita verkfærum, að mæla efni og að sníða það til. Fá að spreyta sig á því að lagfæra hluti og að smíða hluti.

Fræðast einnig um virkni véla og fá að taka þær í sundur og skoða mismunandi eðli og virkni tvígengis- og fjörgengisvéla.

Námsmat: Leiðsagnarmat í tímum og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi og samskiptum.

Stíll - hönnunarkeppni og textíll

Kennari: Þyrey Hlífarsdóttir

Undirbúningur fyrir stíl hönnunarkeppni í samvinnu með félag. Nemendur fá tækifæri til að vinna að hugmyndum sínum og fá leiðsögn varðandi verkefnið. Unnið er í 2 - 4 manna hópum. Hver hópur útfærir sína hugmynd og skilar hönnunarmöppu með verkefninu. Mappan inniheldur útskýringar á hugmyndinni, skissur, efnisprufur, upplýsingar um kostnað, myndir af ferlinu til fullbúinnar afurðar.

Hér eftirfarandi eru upplýsingar af heimasíðu samfés:

Stíll er árleg hönnunarkeppni á milli félagsmiðstöðva þar sem keppt er í hárgreiðslu, förðun og fatahönnun út frá ákveðnu þema sem er ákveðið af ungmennaráði Samfés. Keppnin hefur oftast farið fram í nóvember ár hvert. Keppt hefur verið í Stíl undir formerkjum Samfés og ÍTK frá því á árinu 2000.

Markmið Stíls er að hvetja unglinga til listsköpunar og um leið gefa þeim aukin tækifæri til frumlegrar hugsunar og virkja sköpunarhæfileikana. Keppnin vekur jákvæða athygli á því hvað unglingar eru að gera á sviði sköpunar, gefur þeim kost á að koma hugmyndum sínum á framfæri og sýna afrakstur margra mánaða undirbúningsvinnu hópsins. Margir grunnskólar landins bjóða upp á Stíls valáfanga fyrir nemendur sína þar sem þeim býðst að vinna saman að hönnun sinni á skólatíma í samstarfi við félagsmiðstöð í heimabyggð.

Fyrirkomulag keppinnar er með þeim hætti að hóparnir, skipaðir 2-4 unglingum sem flest hafa tekið þátt í undankeppnum í sínum landshluta, fá tvær klukkustundir til þess að undirbúa módelið sitt fyrir sýninguna. Hóparnir skila einnig hönnunar möppu, sem útskýrir hugmyndina á bakvið hönnunina, með teikningum, efnisprufum, kostnaðarupplýsingum og ljósmyndum af flik, hári og

förðun. Keppendur leggja mjög mikinn metnað í verkefnið og eru búningar hannaðir af hópunum fyrirfram í félagsmiðstöðvunum eða sem valáfangi í grunnskólum landsins.

Á heimasíðu samfés má lesa nánar um keppnina

<https://samfes.is/still2023/>

Skólahreysti

Kennari: Sigurlína Hrönn Einarsdóttir

Helstu markmið og viðfangsefni:

- Stöðvabjálfun og skólahreystiprautirnar reyndar reglulega.
- Farið er í styrktaræfingar fyrir alla vöðvahópa líkamans.
- Fræðsla um þol, kraft og styrk.
- Leikir eru fléttaðir inn í hvern tíma í upphitun.
- Fræðsla um vöðvana, hlutverk, æfingar og teygjur.
- Fræðsla um púlsmælingar og hvernig er hægt að nýta hann í þjálfun.
- Teygjur og slökun í lok tíma þar sem nemendur fá að stjórna til skiptis.

Námsmat: Símat og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi og samskiptum.

Árshátíðarval

Kennari: Íris Olga Lúðvíksdóttir

Helstu viðfangsefni: Að undirbúa og setja upp árshátíð unglíngastígs. Það felst m.a. í leiklistaræfingum; hönnun og val á búningum, förðun og sviðsmynd og lýsingu; og markaðssetningu á sýningunni.

Helstu markmið:

- Að nemendur þjálfí og nái nokkrum tókum á:
 - framsögn og raddbeitingu
 - tjáningu
 - uppbyggingu að persónusköpun
 - túlkun á persónu
 - ögun og vinnubrögðum í leikhúsi
 - samvinnu við uppsetningu verks

Námsmat: Símat í tímum, virkni, áhugi og hugmyndaauðgi.

Hönnun og smíðar

Kennari: Þuríður Helga Jónasdóttir

Helstu markmið: Nemendur læri að vinna með hugmynd og teikna í mælikvarða svo hægt sé að smíða. Nemendur nýti sér verkfæri og aðstöðu í smíðastofu á ábyrgan hátt. Nemendur læri grundvallaratriði í sketchup teikniforriti.

Viðfangsefni: Nemendur hanna, teikna og smíða borðlampa og nota til þess timbur úr stofunni eða skóginum eða annað efni í samráði við kennara. Velja þarf form, samsetningu og yfirborðsmeðferð. Eftir að borðlampinn er tilbúinn er hægt að velja að smíða hlut að eigin vali í samráði við kennara. Þeir nemendur sem þegar hafa gert lampa velja sér annað verkefni í samráði við kennara.

Námsmat: Símat þar sem metin er vinnusemi og frumkvæði 50%. Vinnubrögð og verkefnaskil 50%

Textílmennt (endurnýting, fatasaumur og blandaðar textílaðferðir)

Kennari: Þyreya Hlífarsdóttir

Helstu markmið og viðfangsefni:

Að nemendur:

- Skipuleggi eigin vinnuferli út frá hugmyndavinnu, umræðum og stöðugu mati á eigin vinnu.
- Læri að beita réttum vinnubrögðum og meðhöndla áhöld, verkfæri og vélar af öryggi.
- Kynnist sjálfbærni og endurnýtingu í textílmennt og læri hvernig hægt er að endurnýta textílefni.
- Þekki fjölbreytt vinnubrögð í textílmennt.
- Læri að lesa og vinna eftir uppskriftum.

Dæmi um viðfangsefni, bundið val: Endurnýting, vélsaumsverkefni, val um að gera flík eða nytjahlut sem unnin er úr endurnýtanlegum efniviði. Þrjón, flík eða nytjahlutur þrjónað eftir uppskrift.

Dæmi um viðfangsefni, val: fatasaumur að eigin vali, t.d. leggings, peysa, buxur, kjóll, barnaföt, smíðasvunta, húfa, náttbuxur, stuttermabolur. Önnur viðfangsefni t.d. púðar, dúkar, töskur, vöggusett, ipadhulstur, teppi, þrjón, hekl-/útsaumur.

Námsmat: Leiðsagnarmat í tímum og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi og samskiptum.

Ítalska fyrir byrjendur

Kennari: Þuríður Helga Jónasdóttir

Helstu markmið: Sérstök áhersla er á talað mál en farið er yfir undirstöðuatriði í málfræði og grunnorðaforði þjálfaður á fjölbreyttan hátt. Einnig verður ítölsk menning kynnt og geta nemendur haft áhrif á umfjöllunarefni.

Viðfangsefni:

- læra að tjá sig með einföldum hætti - að bjarga sér
- geta skilið grunnorðaförða á ítölsku
- læra um menningu og lífshætti Ítala
- læra undirstöðuatriði í málfræði

Námsmat: Leiðsagnarmat í tímum og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi og samskiptum.

Stuttmyndagerð

Kennari: Sara Gísladóttir

Kynning:

Í stuttmyndavali fá nemendur að kynna kvikmyndagerð á skapandi og hagnýtan hátt. Þeir læra að þróa hugmyndir, skrifa handrit, vinna með upptökutæki, taka upp og klippa myndir. Áhersla er á samvinnu, frumkvæði og sköpun þar sem nemendur fá að prófa sig áfram bæði fyrir framan og aftan myndavélina. Námið styrkir tjáningu, sjálfstraust og tæknilæsi, auk þess að gefa nemendum tækifæri til að miðla eigin hugmyndum á lifandi og skemmtilegan hátt.

Markmið:

Að nemendur fái að kynna kvikmyndagerð í verki, frá hugmynd til fullbúinnar myndar.

Að þjálfra sköpun, frumkvæði og samvinnu í listrænu ferli.

Að efla tæknilega kunnáttu í myndatökum, hljóðvinnslu og klippingu.

Að styrkja tjáningu og sjálfstraust bæði fyrir framan og aftan myndavélina.

Að skapa vettvang fyrir nemendur til að miðla eigin hugmyndum á lifandi hátt.

Helstu viðfangsefni:

Hugmyndavinna og handritsgerð.

Æfingar í leik og leikstjórn.

Notkun upptökutækja (myndavélar, símar, hljóðnemi o.fl.).

Klipping og eftirvinnsla.

Kynning og sýning á afurðum, t.d. í lok annar.

Námsmat: Leiðsagnarmat sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi, samvinnu og samskiptum.

Kvikmyndir - þættir (hlaðvarpsgerð)

Kennari: Sara Gísladóttir

Kynning:

Í þessari valgrein horfa nemendur á kvikmyndir og/eða þætti og vinna skapandi verkefni út frá efninu. Þeir geta m.a. gert dagbækur, hlaðvörp, fréttabréf eða plaköt þar sem þeir tjá hugmyndir sínar og skoðanir. Áhersla er á skapandi vinnu, gagnrýna hugsun og fjölbreytta miðlun.

Markmið:

Að nemendur þjálfist í að horfa á kvikmyndir og þætti með gagnrýnum augum.
Að efla hæfni í að túlka og ræða efni úr kvikmyndum og þáttum.
Að gefa nemendum tækifæri til að vinna skapandi verkefni sem byggja á myndmiðlum.
Að efla sjálfstæða og fjölbreytta tjáningu í rituðu og/eða munnlegu máli.
Að auka skilning á kvikmyndum og sjónvarpsþáttum sem menningarlegum miðli.

Helstu viðfangsefni:

Áhorf á kvikmyndir og þætti af ólíkum toga.
Umræður um persónur, sögur, boðskap og kvikmyndataækni.
Verkefni eins og dagbækur, plaköt, fréttabréf, hlaðvarp eða stuttar ritgerðir.
Samvinna í hópum og einstaklingsverkefni.
Lærdómur um hvernig sjónrænir miðlar hafa áhrif á skoðanir og menningu.

Námsmat: Leiðsagnarmat sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi, samvinnu og samskiptum.

Leikir og spil

Kennari: Sara Gísladóttir

Kynning:

Í valinu kynnumst við ýmis konar borðspilum, spilum og leikjum. Markmiðið er að fá nemendur til þess að uppgötva gleðina sem felst í því að spila og leika sér án tölvutækni, ásamt því hvernig spil og leikir geta aukið félagsfærni hvers og eins.

Markmið:

Að nemendur uppgötvu ánægju og gleði sem felst í spilum og leikjum án tölvutækni.
Að efla félagsfærni, samvinnu og samskipti í gegnum sameiginlega leikreynslu.
Að þjálfra einbeitingu, útsjónarsemi og reglufylgni.

Að kynnast fjölbreyttum leikjum og spilum úr mismunandi hefðum og menningu.
Að læra að meta leik og spil sem leið til bæði skemmtunar og þjálfunar.

Helstu viðfangsefni:

Kynning á mismunandi borðspilum, spilum og hópleikjum.

Reglur, spilatækni og útfærslur leikja.

Hópavinna og keppnisleikir þar sem lögð er áhersla á heiðarleika og samvinnu.

Að prófa ný spil og jafnvel búa til eða breyta eigin leikjum.

Umræður um félagslega þætti leiks og hvernig spil styrkja samskipti og vináttu.

Námsmat: Leiðsagnarmat sem byggist á virkni í tímum, áhuga, sköpun og samvinnu nemenda.